

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 7. tbl. 12. árgangur 18. apríl 2018

Barnamenningarhátíð á Akureyri 16.-22. apríl.

Gleði, leikur, listir og fjör alla vikuna fyrir börn og unglinga, fjölskyldur og skólahópa.

Hægt er að sjá viðburði á heimasíðu Menningarfélags Akureyrar

<https://www.mak.is/is>, og á facebooksíðu hátíðarinnar

<https://www.facebook.com/barnamenningak/>



Fögnum íslensku sem öðru tungumáli.

Mánudaginn 7. maí n.k. mun Ísbrú, Félag kennara sem kenna íslensku sem annað tungumál, standa fyrir málþingi í safnaðarheimili Háteigskirkju. Dagskráin er fjölbreytt og spennandi, þar sem fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélögum, Háskóla Íslands, Menntamálastofnun og víðar að, munu halda stuttar framsögur.

Dagskrána má sjá [hér](#)

Tröllaborgir – hópur í óvissuferð.

Hópur barna frá Tröllaborgum fór í skemmtilega ferð sem hófst með því að ganga niður í Glerárskóla, þar var stoppað á útisvæðinu í Laut og aðeins leikið. Síðan var hoppað upp í strætó og farið með honum niður í bæ. Ætlunin var að kíkja á bókasafnið en það var ekki búið að opna, þannig að hópurinn gekk í Pennann og skoðaði bækur. Aftur var gengið á bókasafnið og þar var kíkt í bækur, sumir úr hópnum eru byrjaðir að lesa og þeir æfðu sig í að lesa aðeins.



Myndir augnabliksins eru frá undirbúningi árs hátíðar Hríseyjarskóla sem haldin er á morgun.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðsluviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólaheimsóknir ritstjóra Menntamálastofnunar.

Í byrjun árs 2018 var tekið upp á þeirri nýjung að heimsækja skóla um land allt með skipulögðum hætti. Nú á vormisseri munu ritstjórar heimsækja 42 skóla um allt land og er markmiðið að allir grunnskólar landsins verði heimsóttir á næstu 2 árum. Er þetta liður í því að auka enn frekar samstarf og samskipti við skóla og kennara. Ritstjórar hafa rætt við kennara um námsefni, kennslu-hætti, hvernig námsefnið hefur nýst og hvað megi betur fara. Heimsóknir þessar hafa nýst ritstjórum afar vel í sínu starfi og hefur verið lærdómsríkt að heyra af sjónarmiðum kennara og nemenda og öllu því ótrúlega fjölbreytta starfi sem fram fer í skólum landsins. Menntamálastofnun hefur á boðstólum um það bil 700 titla sem árlega er dreift í 560.000 eintökum til 183 grunnskóla. Sá fjöldi sem kemur út árlega er breytilegur en að jafnaði koma út 25 - 40 nýir titlar á hverju ári. Námsefni stofnunarinnar er ekki selt heldur dreift til skóla þeim að kostnaðarlausu. Fram til þessa hefur nýtt námsefni verið gefið út yfir allt árið en ákveðið var að breyta því á síðasta ári. Hér eftir verða tveir árlegir útgáfudagar, annar að vori og hinn að hausti. Sá fyrsti verður í dag 18. apríl og verður Menntamálastofnun með opið hús að því tilefni.

Miðstöð Skólaþróunar.

Læsisráðstefna verður haldin í Háskólanum á Akureyri laugardaginn 15. september 2018.

Á föstudeginum 14. september fer fram námstefna um Byrjendalæsi.

Nánari upplýsingar verða birtar á vefnum okkar www.msha.is þegar nær dregur. Takið dagana frá.



Eurovision verkefni í Síðuskóla.

Starfsmenn og unglingar í sérdeildinni hafa verið að vinna skemmtilegt verkefni. Það tengist Eurovisionkeppninni sem haldin verður í Lissabon þann 12. maí næstkomandi. Teiknað var upp Evrópukort og merkt inn á það lönd og höfuðborgir. Að því búnu var unninn fáni hvers lands og nafn á lagi og flytjanda. Að síðustu var settur QR kóði á hvert þáttökuland þar sem hægt er með QR skanna að sjá og hlusta á framlag landanna. Þetta var svo hengt upp á stóran vegg svo að allir sem vilja geta skoðað og spáð og spekulerað.



Fréttir frá Grímseyjarskóla.

Það er vor í lofti í Grímsey, lundinn mættur og farinn að dreifa sér um bakkana og farið að bruma í öllum hávöxnu trjámum okkar. Síðasta vika hefur verið sérstök íslenskuvika og fyrir páska var stærðfræðivika. Þá voru ýmis verkefni unnin og farið í leiki og keppnir sem auka skilning á efninu.

Í þessari viku leggja svo nemendur og kennarar grunnskóladeildar land undir fót og fara í land í skólaferðalag

